

Fundargerð Rallyráðs AKÍS

Fundur haldinn 29. október 2020 á Google Meet kl. 19.30

Mættir Ísak Guðjónsson, Ingimundur Helgason, Garðar Gunnarsson, Aðalsteinn Símonarson.

1. Undan- og eftirfarar í reglur

Búið er að kanna aðeins hvað er til af reglum erlendis um málið.

Ákveðið að vinna meginreglur uppúr skjali sem lengi vel var á AKÍS síðunni og bæta í grein 5, Öryggismál, í greinarreglum fyrir rally.

2. Sameina flokk A og heildin

IH og AS komu með tillögu að bæta inn nokkrum orðum í gildandi reglur og þannig ná fram þeim skilningi sem að var stefnt, sjá rauðlitað. Tillögurnar voru samþykktar.

„**4.10.2.a** Stig fyrir sæti í keppni eru veitt í öllum keppnisflokkum, **nema flokki A**, sem hér segir:...“

„**4.10.2.b** Stig fyrir ofurleið eru veitt í öllum keppnisflokkum, **nema flokki A**, sem hér segir:...“

3. Innsend erindi

Valdimar Jón Sveinsson og Guðni Freyr Ómarsson hafa sent inn erindi með tillögum að breytingum á reglum. Farið var yfir þær og varð niðurstaðan að flest það sem á var bent er nú þegar í reglum eða ráðið hefur þegar ákveðið að gera sambærilegar breytingar. AS mun svara erindunum formlega.

Nokkur atriði sem bent var á heyra beint undir AKÍS eða keppnishaldara og verður þeim atriðum komið á framfæri við rétta aðila.

4. Erindi frá Ólafi Guðmundssyni

Óli sendi ráðinu skýrslu sína sem formaður dómnefndar í öllum keppnum ársins; þar koma fram ýmsar upplýsingar og ábendingar. Ákveðið að fá hann í spjall um stöðuna á næsta fundi.

5. Álit og erindi frá ráðinu

Rætt um vinnulag og form. Niðurstaða að einstaklingar koma ekki fram fyrir hönd ráðsins nema í samráði og með samþykki meirihluta þess.

6. Erindi frá öryggisnefnd:

Öryggisnefnd hefur sent ráðinu áskorun um að skoða vel reglur um öryggisbúnað og uppfæra þær til samræmis við það sem gildir í nágrannalöndunum.

Ákveðið var að gera minniháttar breytingar á fjórum undирgreinum, sjá rauðlitað:

- „**5.1.1** Ökumenn skulu vera í að lágmarki tveggja laga eldheldum heilgalla. Gallinn skal vera með **gilda** viðurkenningu frá FIA (FIA 8856-2000), SFI (SFI 3.2A/5 eða hærra)...“
- „**5.1.6** Ökumenn skulu nota HANS búnað á sérleiðum og skal hann vera með **gilda** viðurkenningu frá FIA (FIA 8858) eða SFI (SFI 3.3).“
- „**5.2.1.b** Vera útbúið körfustólum og skulu þeir bera **gilda** vottun FIA.“
- „**5.2.1.c** Vera með öryggisbelti **sem bera gilda vottun** samkvæmt stöðlum FIA, **og** með lágmark 5 punkta festingum.“

7. Rally star FIA:

Skrifstofa AKÍS hefur áframsent erindi frá FIA um leit að framtíðar ökumönnum. Ákveðið að bjóða AIFS, BS og BÍKR að velja ökumenn í verkefnið en benda þeim á mögulega aðila í öðrum klúbbum. AS sendir áfram.

8. Önnur mál:

- Formannafundur 21. nóvember – Skila þarf skýrslu ráðsins með reglubreytingum, fyrirkomulagi Íslandsmóta o.fl. AS gerir drög.
- Jepplingaflokkur – Gengur hægt að vinna reglur, ÍG heldur áfram vinnunni.

Fundi slitið kl. 20.55

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson